



Fyrsti ársfundur Þekkingarsetursins Nýheima haldinn í Nýheimum miðvikudaginn 28. maí kl. 15:00.

Niðurstaða fundar.

Formaður stjórnar Ragnhildur Jónsdóttir setti fundinn, bauð viðstadda velkomna og stakk upp á Hjalta Þór Vignissyni sem fundarstjóra og Kristínu Hermannsdóttur sem fundarritara.

Til fundarins var boðað með auglýsingu í Eystrahorni þann 20.mai 2014

- a) Skýrsla stjórnar – Ragnhildur Jónsdóttir stiklaði á stóru varðandi stofnun Þekkingarsetursins Nýheima. Árið 2012 fóru umræður á flug um formlega stofnun og var undirrituð viljayfirlysing af þáverandi menntamálaráðherra í október 2012 um að raungera hugmyndina. Þétt hugmyndavinna fór svo af stað og voru lagðar fram tillögur að starfsemi Nýheima í desember 2012. Árið 2013 fengust fjármunir til undirbúnings að stofnun Þekkingarseturs. Stofnfundur var haldinn 31.mai 2013 og stóðu þá 9 stofnanir að Þekkingarsetrinu. Stjórn setursins er samansett af fulltrúum frá öllum aðildarstofnunum. Formaður er Ragnhildur Jónsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson varaformaður, Fanney Björg Sveinsdóttir ritari og Árdís Erna Halldórsdóttir gjaldkeri.
Á fyrsta starfsári var unnið að formlegum málum svo sem að kaupa lén og uppfæra vefinn, en aðalvinnan var við að ná eyrum fjárlaganefndar Alþingis til að fá rekstrarfé. Í lok árs varð ljós að 15,6 millj. kr fengjust til reksturs Þekkingarsetursins Nýheima árið 2014.

Einnig stiklaði Ragnhildur Jónsdóttir á því helsta sem gerst hefur það sem af er ársins 2014. Hæst ber þar ráðning verkefnastjóra, Davíð Arnar Stefánsson var ráðinn til starfans, en 12 umsækjendur sóttu um stöðuna. Einnig hefur farið fram vinna við samþættingu fræðslu og menntunar á Suðurlandi auk þess að byggja upp skapandi greinar í Vöruhúsinu. Hugarflugsfundur var haldinn um framtíðina og stóð þar uppúr, að auka þarf samstarf við Sveitarfélagið og einnig var rætt um orkurannsóknir, ævintýraparadís og margt fleira. Nýheimar fengu boð frá Söderhamn um að taka þátt í verkefni tengt ungu fólk og að halda því í heimabyggð.

- b) reikningar Nýheima – Árdís Erna Halldórsdóttir fór yfir reikninga ársins. Þekkingarsetur fór inn á fjárlög fyrir árið 2014. Í lok árs 2013 var stofnfé 1.080.005 kr, en útgjöld ársins voru einungis tvö, samtals upp á 18.260 kr. Hefur gjaldkeri lagt fram ósk til RSK um að þessar færslur verði settar inn á ársreikning ársins 2014.
- c) breytingar á aðild að stofnuninni - Tvær óskir hafa borist um aðild að þekkingarsetrinu, frá Háskólafelagi Suðurlands og Vatnajökulsþjóðgarði. Hafa þessar umsóknir verið teknar fyrir og samþykktar á stjórnarfundi. Ársfundurinn samþykkir þessa aðila og fagnar komu þeirra.
- d) tilnefningar í stjórn - stjórnin frá stofnundi situr áfram eitt ár í viðbót, en nýir aðilar tilnefna menn fyrir sig í stjórn Nýheima.

Önnur mál

Eyjólfur Guðmundsson skýrði frá uppbyggingu á Vöruhúsi og samskiptum við ráðuneyti um fjárframlag til að auka þáttöku FAS í uppbygginu þess.

Fræðslunetið og FAS vinna að ráðningu sameiginlegs starfsmanns sem sinna mun námsráðgjöf.

Eyjólfur Guðmundsson mun verða í námsleyfi næsta skólaár og verður Zophanías Torfason hans staðengill í stjórn og sem skólameistari.

Vilhjálmur Magnússon sagði frá ósk sinni um að Vöruhúsið væri aðili að Nýheimum og samþykkti fundurinn að stjórn skoði með hvaða hætti Vöruhúsið verði aðili.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 15:30

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Kristín Þemamisdóttir".